

Loftslagsstefna Minjastofnunar Íslands

Framtíðarsýn

Minjastofnun Íslands stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá starfseminni og þeim neikvæðu áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Stefna þessi tekur mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu um kolefnisleysi og samdrátt í losun GHL. Minjastofnun Íslands vill leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamkomulagsins sé náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Yfirmarkmið

Fram til 2030 mun Minjastofnun Íslands draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á stöðugildi um 20% miðað við árið 2019. Minjastofnun Íslands mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en stofnunin stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna alla eftirstandandi losun frá árinu 2024.

Gildissvið

Stefna þessi tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri Minjastofnunar Íslands og varðar allt starfsfólk stofnunarinnar. Stefnan tekur til umhverfisáhrifa vegna samgangna, orkunotkunar og úrgangsmýndunar sem og allrar starfsemi stofnunarinnar, þar með talið bygginga, mannvirkja og framkvæmda. Minjastofnun Íslands er með starfsstöðvar á 7 stöðum um land allt. Reynt er eftir fremsta megni að mæla þá umhverfisþætti sem falla undir umfang stefnunnar .

Umfang

Loftslagsstefna Minjastofnunar Íslands tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni í starfsemi Minjastofnunar Íslands.

Samgöngur

- Losun GHL vegna aksturs á bifreiðum stofnunar
- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna erlendis
- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna innanlands
- Losun GHL vegna aksturs á bílaleigu- og leigubílum
- Fjöldi samgöngusaminga sem stofnunin gerir við starfsmenn

Orkunotkun

- Rafmagns- og heitavatnsnotkun

Úrgangur

- Losun GHL vegna lífræns og blandaðs úrgangs
- Endurvinnsluhlutfall
- Heildarmagn úrgangs sem til fellur
- Magn skrifstofupappírs sem prentaður er út

Innkaup

- Pappírnotkun og prentþjónusta
- Magn skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðs skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðrar prentþjónustu sem stofnunin kaupir
- Magn ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf
- Hlutfall umhverfisvottaðra ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf

Áherslur í umhverfis- og loftslagsmálum

- Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar
- Eflum fjarfundarmenningu
- Drögum úr úrgangsmýndun og aukum endurvinnslu
- Hugum að orkusparnaði
- Fræðum starfsfólk um innra umhverfisstarf og önnur umhverfismál

- Hvetjum til aukinnar umhverfisvitundar í samfélaginu
- Stundum umhverfisvæn innkaup
- Fylgjum Grænum skrefum
- Kolefnisjöfnum losun okkar með ábyrgum hætti
- Kynnum okkur tæknilegar lausnir sem auðvelda umhverfisstarf

Eftirfylgni

Síðan 2022 hefur Minjastofnun Íslands haldið Grænt bókhald þar sem teknir eru saman þýðingarmestu umhverfisþættir í starfseminni. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að móta stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum.

Fyrir 1. apríl ár hvert er Grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í Gagnagátt Umhverfisstofnunar. Stýrihópur loftslagsmála sér um að taka bókhaldið saman í samstarfi við teymi rekstrar og þjónustu.

Loftslagsstefnan er rýnd árlega af stýrihópi loftslagsmála og áherslur, yfir- og undirmarkmið og aðgerðaráætlun uppfærð þegar niðurstöður Græns bókhalds liggja fyrir. Stefnan er samþykkt af yfirstjórn og upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað á heimasíðu Minjastofnunar Íslands.

Stefna rýnd og samþykkt af yfirstjórn Minjastofnunar Íslands 17. október 2022